

Fjögra hrafna bær

Hér á vefnum var birt grein eftir undirritaðan um Kjósarveitur ehf. fyrir nokkru. Var það fyrst grein mín af þremur um málefni Kjósarhrepps. Nú verður nokkuð fjallað um hreinlætismál og í þeirri þriðju mun verða fjallað um þróunn launamála og framlög til ýmisa verkefna. Allt eru þetta málefni sem hollt er að kryfja að einhverju leiti til mergjar og íbúum hreppsins varðar verulega um.

Sem fyrr er byggt á tiltækum gögnum. Greiningin byggir á gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir rekstrarárið 2016 og 2010 (2010, tölur í sviga) auk gagna sem finna má á kjos.is Kjósarhreppur hefur nokkra sérstöðu ásamt nokkrum öðrum hreppum vegna samsetningar byggðarinnar, þar sem byggðin er samsett af landbúnaði, íbúðarhúsum og sumarhúsabyggð.

Undir liðinn hreinlætismál heyrir söfnun og eyðing úrgangs auk verkunnar rotþróa. Gjöld sem lögð eru á varðandi þessa þætti eru þjónustugjöld og er þeim ætlað að standa undir kosnaði að fullu.

Í beinum samanburði allra sveitarfélaga í landinu er Kjósarhreppur næst hæst allra sveitarfélaga með kostnað á hvern íbúa árið 2016 eða 117 þúsund krónur (2010, 72 þús) þegar landsmeðaltalið er 15.700 þúsund (2010, 12 þús). Ef litið er til innheimts gjalds er Kjósarhreppur þriðja hæst. Sú upphæð sem Kjósarhreppur greiðir með þessum málaflokki er sú næsthæsta á landinu öllu eða um 50 þús.kr.(2010, 36 þús.) á íbúa. Aðeins liggur þar ofar Árneshreppur á Ströndum.

Að meðaltali nemur þessi upphæð 2.600 kr. 2016 (2010, 3.200) kr. á landinu öllu.

Krónur á íbúa í Kjósarhreppi	2010	2016	hlutfallsleg hækkun	landsmeðaltal 2016
Innheimt gjöld	36.000	67.500	87%	13.000
Heildarkostnaður	72.000	117.000	61%	15.700
Niðurgreitt af Kjósarhrepps	30.000	50.000	60%	2.700

Ef litið er til ársins 2017 kemur í ljós að heildarkostnaður hefur hækkað í 130 þús. kr. pr. íbúa en þá nam heildarkostnaðurinn 28.8 millj. kr. og hefur því hækkað um 96% frá 2010. Það mun trúlega tryggja Kjósarhreppi þann vafasama heiður að að vera það sveitarfélag þar sem kostnaður við þennan málaflokk á íbúa er hæstur á Íslandi öllu og þó víðar væri leitað. Það mætti eins segja; að Kjósarhreppur er það sveitarfélag þar sem sýnd er minnsta ráðdeild í þessum málaflokki, sem hefur leitt til aukins kostnaðar, nú síðast, hækkun á notendagjöldum uppá 20%

Nú kunna að vakna efasemdir, um hvort sanngirnis sé gætt í samanburðinum. Það verður hver og einn að meta, en það þarf m.a. að hafa í huga að íbúum fjölgaði á samanburðartíðanum úr 204 í 221 og að tölur eru ekki uppfærðar miðað við verðlag. Efasemdir og gagnrýni er af hinu góða á þessu stigi máls, er grundvöllur þess að efnisleg umræða eigi sér stað og lokamarkmiði verði náð, þ.e.a.s. bætt meðhöndlun og þar með minni kostnaður. Samhengi þessarra tveggja þátta er beintengt vegna mismunandi gjaldflokka og því ríður á að rétt sé flokkað, þannig að heilu gámafarmarnir falli ekki í dýrari gjaldflokk

Kjósarhreppur verður vart tekinn til fyrirmyndar á þessu sviði og virðist flestum öðrum sveitarfélögum vera betur hent þessi umsýsla en okkar.

Fara þarf fram ýtarleg greining á hvað úrskaiðis hefur farið. Það er ekki aðeins fjárhagslegt atriði sem um er að véla heldur einnig að meðhöndlun, flokkun og nýting íláta þarf að vera eins og best verður á kosið, svo endurnýting efnanna verði í þágu umhverfisins.

Meðal atriða sem vert væri að skoða er að aðgreina rekstraraðila frá almennri sorphirðu og láta þá

standa óskipt undir þessum hluta rekstrarkostnaðar síns fyrirtækis líkt og í öðrum sveitarfélögum. Flytja þannig ábyrgðina á notendan sjálfan. Allar merkingar úr sér gengnar og í engu sinnt, en það hlýtur að vera forsenda fyrir því að rétt sé flokkað. Einhverjar merkingar á gámum sem eru í tengslum við frístundasvæðin kæmu sé væntanlega vel fyrir notendur og ráðstafanir gerðar, að ekki væri verið að nýta ílátin undir úrgang sem ætti uppruna í öðru sveitarfélögum. Stöðva verður umferð um gámasvæðið á öðrum tímum en auglýstum afgreiðslutíma. Skoða verður fyrirkomulag vegna hreinsun rotþróa. Leggja af verktakagreiðslur sem miðast við hverja einingu og taka upp tímagjaldsfyrirkomulag undir verkstjórn starfsmans hreppsins.

Þegar öllu er á botninn hvolt, þá mun hugafar hvers og eins, þar sem hver einstaklingur skiptir máli, vega hvað þyngst eins og í öðrum umhverfismálum. Þó verður að gera ríka kröfu á sveitarfélagið að það geri umgjörð þessa sameiginlegs verkefnis sem best úr garði. Sveitarfélagið verður að standa styrkum fótum gagnvart samningsaðilum sínum. Vinsamleg samskipti eru sjálfsögð, en dúsar ættu ekki að þekkjast.

Fyrirsögn greinarinnar vísar til þess, að fyrr var sagt um stórbýli, þar sem mikið féll til, að bæjarhrafarnir væru fjórir fullseðjaðir, eða fjöggra hrafna bær. Á öðrum bæjum var þar.

Sigurbjörn Hjaltason